

Reykjavík, 5. júní 2024

Bls. | 1

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Smiðju - Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

(Lagt fram á umsagnagátt Alþingis)

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða (erlendir aðilar, kílómetragjald o.fl.)

SVP – Samtök verslunar og þjónustu og Bílgreinasambandið, hér eftir nefnt samtökin, eru meðal samtaka sem sendu efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis [umsögn](#) um lagafrumvarp, sem er tilgreint í efnisgreiningu erindis þessa, hinn 2. maí sl. Í umsögninni var sjónum beint að ákvæði a-liðar 11. gr. frumvarpsins. Að undanförmu hafa sjónir aðildarfyrirtækja samtakanna hins vegar beinst að 13. gr. frumvarpsins. Verði sú frumvarpsgrein lögfest virðist ekki að fullu ljóst hver áhrifin verða.

Með 13. gr. frumvarpsins er eftirfarandi breyting lögð til á 22. gr. laga nr. 101/2023, um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða:

[1. mgr.] ~~Kílómetragjald sem innheimt er samkvæmt lögum þessum skal ekki mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts.~~

[2. mgr.] Að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í lögum þessum skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði laga um virðisaukaskatt.

[3. mgr.] Að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í lögum þessum um tímabundinn innflutning bifreiða skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði tollalaga.

Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 22. gr. laganna falli brott en í henni er kveðið á um að kílómetragjald myndi ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts. Í sérstökum athugasemdum við 22. gr. frumvarps til laga nr. 101/2023 segir:

Í greininni kemur fram að kílómetragjald sem innheimt er samkvæmt frumvarpinu myndi ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts. Kílómetragjald telst því ekki til skattverðs í skilningi 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. laga um virðisaukaskatt. Þá er sérstaklega tiltekið í ákvæðinu að lög um virðisaukaskatt skulu gilda eftir því sem við getur átt að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í frumvarpinu. Vegna tímabundins innflutnings bifreiða skulu tollalög gilda að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í frumvarpinu og eftir því sem við getur átt.

(Undirstrikun samtakanna)

Skilningur aðildarfyrirtækja samtakanna hefur, í ljósi framangreinds, verið sá að ekki beri að leggja virðisaukaskatt á kílómetragjald, hvort heldur er við álagningu þess eða þegar fjárhæð vænts kílómetragjalds er innheimt af leigutaka við útleigu bifreiðar. Því virðist standa til að breyta.

Bls. | 2

Í sérstökum athugasemdum við 13. gr. frumvarpsins segir:

Í 1. mgr. 22. gr. laganna kemur fram að kílómetragjald sem innheimt er samkvæmt lögnum myndi ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts. Í skýringum við greinina í frumvarpi því sem varð að lögnum kemur jafnframt fram að kílómetragjald teljist ekki til skattverðs í skilningi 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. laga um virðisaukaskatt. Þá kemur fram í 2. mgr. 22. gr. laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða að lög um virðisaukaskatt skuli gilda eftir því sem við geti átt að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í lögnum. Fyrir liggur að kílómetragjald er skattur. Af því leiðir að 1. mgr. 22. gr. er óþörf. Tilvist málgreinarinnar í lögnum kann að leiða til þess misskilnings hjá þeim aðilum sem eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og velja að innheimta kílómetragjaldið hjá viðskiptavinum sínum, til að mynda eins og bílaleigum, að heimilt sé að halda gjaldinu fyrir utan skattverð skv. 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. laga um virðisaukaskatt. Það stóð ekki til. Því er talið nauðsynlegt að 1. mgr. 22. gr. laganna falli brott.

(Undirstrikun samtakanna)

Ef það leiðir almennt af þeirri staðreynd að kílómetragjald sé skattur að óþarft hafi verið að kveða á um að það myndi ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts er fróðlegt að rifja upp orðalag 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt:

Til skattverðs telst m.a.: 1. Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum sem á hafa verið lögð á fyrri viðskiptastigum eða greidd hafa verið við innflutning til landsins eða virðisaukaskattsskyldur aðili á að standa skil á vegna sölu.

Þá er til samanburðar rétt að rifja upp ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta:

[1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1993] Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt lögum þessum, mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts.

[2. mgr. 3. gr. laga nr. 129/2009] Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt lögum þessum, mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts.

Af framangreindu virðist geta leitt að brottfelling 1. mgr. 22. gr. laga nr. 101/2023 muni leiða til þess að leggja beri virðisaukaskatt á kílómetragjald í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, þ. á. m. við útleigu ökutækja, óháð því hvort leigusali lætur við það sitja að rukka leigutaka aðeins sem samsvarar fjárhæð gjaldsins á hvern ekinn kílómetra eða bætir við það álagi sem nemur kostnaði hans við umsýslu kílómetragjaldsins. Einstaklingur sem greiðir kílómetragjald þarf hins vegar ekki að greiða virðisaukaskatt. Þar með verður staða leigutaka annars vegar og einstaklinga sem eiga bifreiðar hins vegar verulega ójöfn.

Afstaða samtakanna er sú að það sé ekki óeðlilegt að lagður sé virðisaukaskattur á þá þjónustusölu leigusala bifreiða sem varðar umsýslu kílómetragjaldsins og stendur t.d. undir

tölvu- og kerfiskostnaði, vinnu við álestur kílómetramæla, skráningu og einhverri arðsemi eigin fjár því þar kann virðisauki að myndast. Engin rökræn nauðsyn virðist hins vegar liggja til grundvallar því að leggja virðisaukaskatt á fjárhæð kílómetragjaldsins sjálfs enda er það beinn skattur sem blandast ekki með sama hætti og óbeinir skattar í kaupverð aðfanga og þjónustu og *nota bene* hafa felldir hafa verið undir gjaldstofn virðisaukaskatts með beinum hætti í löggjöf.

Bls. | 3

Að framangreindu sögðu leyfa samtökin sér að leggja til að ákvæði 13. gr. frumvarpsins verði tekið til endurskoðunar.

Virðingarfyllt,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
Lögfræðingur

f.h. Bílgreinasambandsins



María Jóna Magnúsdóttir
Framkvæmdasjóri